


Chat GPT 5.2

Útgáfa 1 - 2026



netkynning.is - netkynning.ai

Skipanir og Tákni

Beiðni um lista

„Gerðu lista yfir...“
„Getur þú nefnt nokkur dæmi um...“

Skýr fyrirspurn

„Ég vil fá upplýsingar um...“
„Getur þú útskýrt...“

Dæmi um skipanir

„Skrifaðu stuttan texta um...“
„Getur þú útskýrt með dæmi hvernig... virkar?“

Staðfesting og skýrleiki

„Er þetta rétt skilið:...?“
„Geturðu staðfest...“

Notkun tákna

Tvívunktur

„Hér eru nokkur dæmi: Epli, Banani, Appelsína.“

Spurningarmerki

„Hvað er átt við með...?“

Breyting á fyrri svörum

„Ég vil breyta svari þínu. Gerðu það meira eins og...“

Notkun skipana í texta

Beiðni um upplýsingar

„Getur þú sagt mér frá helstu einkennum íslenskrar tungu?“

Útlit og skipulag

„Skrifaðu stutta samantekt í þremur málsgreinum um...“

Sérhæfðari fyrirspurnir

„Hver eru helstu notkunarsvið gervigreindar í heilbrigðisþjónustu?“

Skrifa áhrifaríkar skipanir

Samhengi

Hvers vegna þarftu þetta og hverjir koma að því?

Markmið

Hvaða svar viltu fá frá Gpt?

Ég starfa í markaðsmálum og legg áherslu á samkeppnisgreiningu. Vinsamlegast segðu heiti fyrirtækisins sem þú vilt fá stutta samantekt um nýjustu fréttir um. Einbeittu þér að vefgreinum frá síðustu tveimur mánuðum. Settu fram svarið í tveimur til þremur málsgreinum og notaðu viðskiptalegan tón.

Heimildir

Hvaða upplýsingaveitur eða sýnishorn á Gpt að nota?

Væntingar

Hvernig á Copilot að svara til að uppfylla væntingar þínar sem best?

Almennar Skipanir

Biðja um spurningu

„Getur þú spurt mig spurningu um [tiltekið efni]?“
„Spurðu mig spurningu sem tengist [tiltekið efni].“

Leiðbeina um tegund spurninga

„Spurðu mig opna spurningu um [tiltekið efni].“
„Getur þú spurt mig fjölvalsspurningu um [tiltekið efni]?“

Dæmi um Skipanir

Einföld og skýr skipun

„Spurðu mig spurningu um íslenska menningu.“
„Geturðu spurt mig spurningu um nýjustu tæknipróun?“

Notkun í samtali

Þú biður um spurningu

„Spurðu mig spurningu um stærðfræði.“
„Getur þú spurt mig spurningu um skáldskap?“

Leiðbeina um spurningarform

„Spurðu mig spurningu þar sem ég þarf að svara með já eða nei.“
„Getur þú spurt mig fjölvalsspurningu með þremur möguleikum?“

Nákvæmari leiðbeiningar

„Spurðu mig spurningu um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi.“
„Getur þú spurt mig spurningu um sögu Íslands, helst eitthvað tengt miðöldum?“

Leiðbeinandi skipun

„Ég vil að þú spyrjir mig spurningu um stjórnmál.“
„Spurðu mig spurningu sem tengist vísindum.“



Notkun skipana í texta

1. Skilgreindu eftirfarandi **hugtak** og gefðu **líkingu**...
2. Útskýrðu **tilganginn** með...
3. Búðu til **sniðmát** fyrir...
4. Gerðu uppkast að **ramma** fyrir þessa hlaðvarpspátt...
5. Hjálpaðu mér að búa til **fjárhagsáætlun** fyrir...
6. Stingdu upp á skapandi **ritunarviðfangsefnum** til að koma mér af stað...
7. Finndu **10 hugmyndir** til að bæta **skrifin** í þessu textaafriti...
8. Gerðu vel ígrundaðan kaflalista fyrir **bók** um...
9. Taktu saman **uppskriftir** sem nota þessi hráefni...
10. Búðu til **efnisyfirlit** fyrir viðfangsefni sem tengjast...
11. Búðu til **kennsluáætlun** fyrir...
12. Samsettu **5 fyrirsagnir** fyrir...
13. Taktu saman efni þessarar bókar í **tísti**...
14. Hönnun á yfirgripsmikilli stefnu fyrir **samfélagsmiðla**...
15. Skrifaðu **kynningarpóst** fyrir tengilið...
16. Mæltu með **líkingum/samlíkingum/samheitum** fyrir...
17. Samsettu **hnyttið** svar við þessari skilaboð...
18. Umbreyttu þessari fyrirsögn í **spennandi byrjun**...
19. Þýddu þetta yfir á **frönsku**...
20. Samsettu kurteislega höfnunarsvörun við þessum **tölvupósti**...
21. Búðu til upphafssenuna fyrir **myndband** sem sýnir...
22. Stingdu upp á leiðum til að bæta **ferilskrána** mína...
23. Útskýrðu **hugmyndina** um...
24. Getur þú mælt með einhverjum **netnámskeiðum** eða **bókum** til að bæta...
25. Hverjar eru **árangursríkar aðferðir** til að...
26. Útskýrðu **skref fyrir skref**...
27. Stingdu upp á heilbrigðum **máltíðum** fyrir...
28. Hjálpaðu mér að búa til **daglegt skipulag** til að...
29. Útskýrðu **grunnatriðin** í...
30. Veittu **leiðsögn** um...



Nytsamleg textaskipun (hér afritar þú allan textan)

Markaðssetning á vöru – Skref fyrir skref nálgun

Ég er byrjandi í markaðsmálum og vil fá aðstoð við að markaðssetja tiltekna vöru. Ég vil að þú hjálpir mér að þróa árangursríkt markaðsplan með ferskum og skapandi hugmyndum.

Skref 1: Spurningar um vöruna

Komdu með 4 gagnlegar spurningar, eina í einu, sem hjálpa til við að skilja betur hvernig best sé að markaðssetja vöruna. Ég mun svara hverri spurningu áður en við höldum áfram í næstu.

Skref 2: Markaðsáætlun

Þegar ég hef lokið við að svara öllum spurningunum, skaltu útbúa vandaða og hnitmiðaða markaðsáætlun. Hún á að innihalda ferskar hugmyndir um hvernig best sé að selja vöruna, með áherslu á viðeigandi markhóp, skilaboð, dreifileiðir og auglýsingaaðferðir.

Markmiðið er að skapa skilvirka og frumlega stefnu sem getur hjálpað mér að ná árangri í markaðssetningunni.

Gpt kemur með spurningar sem þú svarar.

Viðbótasurningar: (ein í einu á milli svara)

- Er eitthvað sem þú sérð að mætti betur fara?
- Getur þú komið með tillögu af einhverri annari vöru sem passar með þessari?
- Skrifaðu stuttan kynningatexta fyrir Facebook/Samfélagsmiðla

The screenshot shows the ChatGPT web interface. On the left sidebar, the 'Skoða GPT' option is highlighted with a red box and a red arrow. The main content area displays search results for 'canva'. At the top, it says 'GPT' and 'Finndu og búðu til sérsníðnar útgáfur af ChatGPT sem sameina leiðbeiningar, auka þekkingu og hvaða samsetningu af getu sem er.' Below this, a search bar contains 'canva'. The results list several AI-powered tools:

- Canva**: Effortlessly design anything: presentations, logos, social media posts and mo... Eftir canva.com 9M+
- Canva AI - Slides & Presentation Designer**: An AI-powered assistant designed to help users create stunning slides and pr... Eftir KHADIN AKBAR 25K+
- Canva - AI Logo Designer**: Create stunning and professional logos effortlessly with Canva's AI Logo Desi... Eftir KHADIN AKBAR 10K+
- Essay Writer Canvas**: AI-powered essay assistant helps perfect your writing. Professional tools ... Eftir essaypro.com 300K+
- CanvaAI — Infographic Maker / Designer GPT**: Canva AI Infographic Maker / Designer GPT is an advanced AI-powered infogr... Eftir Khadin Akbar 5K+
- Canvas Creator**: A creative assistant for designing visuals like presentations, logos, and social... Eftir zezhou lin 50K+

Hér getur verið mjög sniðugt að nota síðuna Canva og tengja Canva til að búa til markaðsefni

Hvað þarf að hafa í huga við inntakstexta (Prompt)?

1. Samhengi (Context)

- Hvert er samhengi fyrirspurnarinnar?
- Hvers vegna þarftu þessa aðstoð?
- Hverjir eru markhópurinn eða notendur ef það á við?

Dæmi:

"Ég er að vinna að grein um íslenskt tónlistarlíf á áttunda áratugnum. Mig vantar hjálp við að útskýra áhrif breskra hljómsveita á íslenska pönksenuna."

2. Verkefni (Task)

- Hvað viltu að GPT geri nákvæmlega?
- Á að skrifa texta, búa til lista, svara spurningu eða vinna úr upplýsingum?

Dæmi:

"Getur þú skrifað stutta grein (400 orð) um hvernig breskar hljómsveitir eins og The Clash og Sex Pistols höfðu áhrif á íslenska pönksenuna?"

3. Fyrirmynd (Example / Inspiration)

- Viltu að svarið fylgi ákveðinni fyrirmynd eða dæmi?
- Á það að líkjast einhverjum stíl, til dæmis fréttagrein, blogg, fræðilegri grein?

Dæmi:

"Vinsamlega skrifaðu textann í stíl við grein á RÚV eða Mbl.is, þar sem stuðst er við formlegt og hlutlægt málfar."

4. Snið (Format)

- Hvernig á svarið að vera uppsett?
- Ætti það að vera í bullet points, töflu, grein, skref-fyrir-skref leiðbeiningum?

Dæmi:

"Settu greinina upp með inngangi, meginmáli og niðurstöðu. Notaðu fyrirsagnir til að skipta efni í skýra kafla."

5. Tónn (Tone)

- Hvernig á tónninn að vera? Formlegur, óformlegur, fræðilegur, fyndinn, hvetjandi?

Dæmi:

"Tónninn má vera hlutlægur og fræðilegur, en um leið aðgengilegur fyrir almenning sem hefur áhuga á tónlistarsögu."

Fullmótað dæmi um hámarksárangurs prompt:

"Ég er að vinna að grein um íslenskt tónlistarlíf á áttunda áratugnum og vil fjalla um áhrif breskra pönkhljómsveita á íslenska pönksenuna. Getur þú skrifað 400 orða grein um þetta, þar sem þú notar hlutlægt og fræðilegt málfar, eins og í grein á RÚV eða Mbl.is? Greinin ætti að vera skipulögð með inngangi, meginmáli og niðurstöðu, og innihalda fyrirsagnir fyrir skýrleika."



30 hugmyndir að sniðugum, áhugaverðum og nytsamlegum skipunum eða „prompts“ fyrir ChatGPT

1. „Búðu til vikumatseðil fyrir 4 manna fjölskyldu sem vill hollan, fjölbreyttan og hagkvæman mat. Láttu fylgja með innkaupalista.“
2. „Gefðu mér skýrt yfirlit yfir helstu atriði bókarinnar *‘Thinking, Fast and Slow’* eftir Daniel Kahneman á einföldu og skiljanlegu máli.“
3. „Þú ert aðstoðarmaður í ferðalagi. Skipuleggðu þriggja daga skemmtiferð til Parísar fyrir fólk sem hefur gaman af menningu, góðum mat og ljósmyndun.“
4. „Skrifaðu tölvupóst sem hjálpar mér að ræða á jákvæðan hátt við samstarfsfélaga sem er tregur til breytinga.“
5. „Útskýrðu hugtakið ‘skammtafræði’ þannig að tíu ára barn myndi skilja það, en samt án þess að missa kjarna þess.“
6. „Hjálpaðu mér að læra og muna tíu algeng orð á ítölsku með því að setja þau í setningar á íslensku og ítölsku.“
7. „Hverjar eru tíu mikilvægustu tækninýjungar síðustu tíu ára og hvernig gætu þær þróast næstu tíu árin?“
8. „Skrifaðu stutt og hnitmiðaða samantekt um sögu og áhrif rokkónlistar á Íslandi.“
9. „Þú ert innanhússhönnuður. Gefðu mér fimm hugmyndir að því hvernig hægt er að gera litla stofu bjartari, rúmbetri og nútímalegri án mikilla útgjalda.“
10. „Útbúðu lista yfir tíu góðar spurningar sem ég gæti spurt í atvinnuviðtali til að kynnast umsækjendum betur.“
11. „Gefðu mér stutta leiðsögn í gegnum aðalatriðin í Excel, fyrir algjöra byrjendur.“
12. „Settu saman 10 skemmtilegar staðreyndir um Ísland sem koma útlendingum gjarnan á óvart.“
13. „Hjálpaðu mér að skrifa góða og skýra kennsluhandbók fyrir notendur sem kunna lítið á Zoom-fjarfundakerfið.“
14. „Búðu til ítarlega og vel skipulagða pakklista fyrir tveggja vikna gönguferð um íslenska hálendið.“
15. „Skrifaðu stutta og áhugaverða grein um hvernig hægt er að nýta gervigreind í skólastarfi í dag.“
16. „Gerðu fyrir mig persónulegt æfingaplan til að koma mér af stað í léttum hlaupaæfingum fyrir algjöra byrjendur.“
17. „Gefðu mér 5 einfaldar og áhrifaríkar leiðir til að bæta andlega heilsu og draga úr streitu.“
18. „Útskýrðu fyrir mér helstu þætti í núvitund (mindfulness) á einfaldan hátt og hvernig má iðka hana í daglegu lífi.“
19. „Hjálpaðu mér að skipuleggja vel heppnað afmælisboð fyrir barn á aldrinum 5–7 ára með skemmtilegum leikjum og góðri veitingaáætlun.“
20. „Settu saman tíu gagnleg ráð fyrir ferðamenn sem ætla að heimsækja Ísland yfir vetrartímann.“
21. „Búðu til lista yfir klassískar kvikmyndir sem allir ættu að sjá, og skrifaðu eina setningu um hvers vegna hver mynd skiptir máli.“
22. „Útskýrðu fyrir mér hvað blockchain er á einfaldan og myndrænan hátt.“
23. „Skrifaðu samantekt um sögu ljósmyndunar í fimm stuttum málsgreinum sem henta byrjendum.“
24. „Gerðu lista með 10 skapandi hugmyndum að Instagram-færslum fyrir fyrirtæki sem selur handgerðar vörur.“
25. „Búðu til tíu punkta gátlista yfir atriði sem gott er að fara yfir áður en ljósmynd eða myndband er birt á samfélagsmiðlum.“
26. „Útbúðu skýra leiðbeiningu um hvernig hægt er að undirbúa og halda vel heppnaðan rafrænan kynningarfund fyrir 20 þátttakendur.“
27. „Búðu til lista með 5 góðum leiðum til að byrja samtal við ókunnugan á viðburði eða ráðstefnu.“
28. „Hjálpaðu mér að skrifa vandaðan og vingjarnlegan svarpóst til viðskiptavinar sem hefur kvartað yfir þjónustu.“
29. „Skrifaðu 5 hnitmiðaðar setningar sem lýsa kostum þess að læra á Photoshop.“
30. „Gefðu mér 5 skemmtilegar hugmyndir að stuttum vídeóstiklum sem hægt er að nota á samfélagsmiðlum til að vekja athygli á litlu fyrirtæki.“

